

**3263. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
29. september 2015 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Raket Óskarsdóttir varamaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. **1502210 - Fjárhagsáætlun 2016**
Forsendur fyrir fjárhagsáætlun 2016.
Andrés Ólafsson, fjármálastjóri, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
Bæjarráð samþykkir forsendur fyrir fjárhagsáætlunargerð 2016.
2. **1506044 - Fjárhagsáætlun 2016 - 2019**
Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna vinnslu fjárhagsáætlana árin 2016-2019.
Lagt fram til kynningar.
3. **1509260 - Asparskógar 27 - umsókn um byggingarlóð**
Umsókn Engilberts Runólfssonar og Uppbyggingu ehf. um byggingarlóð að Asparskógum 27.
Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Asparskógar 27.
4. **1509261 - Asparskógar 29 - umsókn um byggingarlóð**
Umsókn Engilberts Runólfssonar og Uppbyggingu ehf. um byggingarlóð að Asparskógum 29.
Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Asparskógar 29.
5. **1509310 - Akralundur 1, 3 og 5 - Umsókn um byggingarlóð**
Umsókn Jóns Bjarna Gíslasonar og Eðallagna ehf. um byggingarlóð að Akralundi 1, 3 og 5.
Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðanna Akralundar 1,3 og 5.
6. **1509318 - Faxaflóahafnir - fjárhagsáætlun 2016**
Fjárhagsáætlun Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2016.
Lögð fram til kynningar.

7. **1502041 - Stefnumörkun í menningarmálum (skipulagsbreyting í menningar- og safnamálum)**
Bréf bæjarbókavaraðar vegna skipulagsbreytinga í menningar- og safnamálum á Akranesi.
Bæjarráð felur bærarstjóra að svara bæjarbókaverði í samræmi við umræður á fundinum. Einnig samþykkir bæjarráð að bókasafninu verði lokað eftir hádegi 6. október vegna starfsdags.

8. **1509263 - IX Umhverfisping 9. október 2015**
Umhverfisping verður haldið föstudaginn 9. október næstkomandi á Grand Hótel Reykjavík.
Lagt fram til kynningar.

9. **1508258 - Landsfundur jafnréttisnefnda**
Landsfundur Jafnréttisnefnda sveitarfélaga verður haldinn 8. Og 9. október í Fljótisdalshéraði.

10. **1506020 - Íbúafundur um málefni HB Granda á Breiðinni (Laugafiskur)**
Erindi Önnu Guðrúnar Ahlbrecht dags. 20. september 2015.
Bæjarráð framsendir erindi Önnu Guðrúnar Ahlbrech til Heilbrigðisnefndar Vesturlands með þeirri ósk að afrit af svarinu berist bæjarráði.

11. **1501219 - Fundargerðir 2015 - Samband ísl. sveitarfélaga**
Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 830, frá 11. september 2015.
Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:47.

Ólafur Halldórsson
Ingibjörg Valdimarsdóttir
Vilhjálmur Guðbjartsson
Kulmiður Sveinsson
Ingibjörg Stefánsdóttir
Ragnheiður Sveinsson
Sleiman Halldórsson